

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, blönduð svæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. janúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Texti fyrri hluta fyrri málsgreinar kafla 3.1.3 „Blönduð svæði“ í greinargerð aðalskipulagsins breytist með eftirfarandi hætti:

Fyrir breytingu: „...Við skipulagningu blandaðra svæða og afmörkun landnotkunar innan þeirra verður ávallt litið á þau sem skipulagslega heild. Fyrir stærri svæðin, t.d. Gufunes, verður unnið heildarskipulag áður en gert er deiliskipulag fyrir einstök skólahverfi. Smærri svæðin eru deiliskipulögð sem ein heild, t.d. Norðlingaholt...“.

Eftir breytingu: „...Við skipulagningu blandaðra svæða [sem ná til heils skólahverfis (900 íbúðir og fleiri) eða stærra svæðis, skal líta á þau sem skipulagslega heild. Í því getur falist að unnið verði rammaskipulag eða annars konar heildarskipulag, þar sem m.a. er gerð grein fyrir landnotkun, þéttleika byggðar, aðalगतnakerfi og skiptingu svæðis í smærri reiti til deiliskipulagningar]...“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2007